

3. nóvember 2017

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar mótmælir harðlega vinnubrögðum sjávarútvegsráðherra að afnema friðun í innanverðum Skagafirði fyrir dragnótaveiðum. Auk þess telur Drangey ákvörðunina vera andstæða öllum reglum sem gilda um störf ráðherra í starfsstjórn.

Greinargerð


Það er óskiljanlegt að á árinu 2017 skuli sjávarútvegsráðherra hleypa stórvirkum veiðarfærum inn á svæði sem hefur verið friðað samfellt í sjö ár. Veiðarfæri sem dregið er eftir botni gegnum viðkvæmt lífríkið þar sem skilyrði eru ákjósanleg fyrir uppvöxt seiða og annars lífs. Meðal annars vegna blöndunar salt- og ferskvatns og sjávargróðurs.

Drangey telur ákvörðunina neikvæða fyrir orðspor Íslands til umhverfismála og ábyrgra fiskveiða.

Gögn sem ráðherra virðist byggja á eru að mestu fengin úr sjö ára gamalli skýrslu, „Áhrif dragnótaveiða á lífríki botns í innanverðum Skagafirði“, þar sem dregin var ályktun sem stóðst ekki skoðun virtra aðila vegna ónæggra rannsókna. Við þetta er því að bæta að mælingar Hafrannsóknastofnunar sýna að brottkast við dragnótaveiðar getur orðið verulegt eða allt að 19% í fjölda fiska og 9% í þyngd sem er margfalt á við veiðar með línu.

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar skorar á sjávarútvegsráðherra að sýna ábyrgð í starfi og draga ákvörðun sína nú þegar til baka.

Virðingarfyllt



H. Steinar Skarphéðinsson formaður